

Skólaráðsfundur 22. okt. 2018

Mættir: Eyrún, Inga Huld, Hólmfríður, Soffía, Ágúst, Helgi frá hverfisnefnd, Þorbjörg Dagný tilkynnti forföll. Helga ritar fundargerð.

1. Starfsáætlun.
Rætt um starfsáætlun. Á fundi fræðsluráðs mánudaginn 15. okt. var starfsáætlun Glerárskóla kynnt og fékk hrós nefndarmanna að sögn kennar sem sat fundinn. Ekki hefur borist svar frá fræðsluráði varðandi starfsáætlun.
2. Persónuverndarlög.
Á morgun er viðtalsdagur og þá þurfa kennarar að láta foreldra skrifa undir nokkur plögg þar sem foreldrar þurfa að samþykkja ýmis mál varðandi börn þeirra. Ágúst spurði um tilkynningar til barnaverndar – foreldrar þurfa ekki að samþykkja eða eiga rétt á að vita þegar mál (kynferðis/ofbeldis) eru tilkynnt þangað.
3. Afmælishátíð.
Haldið verður upp á 110 ára afmæli skólahalds í þorpinu auk, fullveldishátíðar. Verður haldin síðustu vikuna í nóvember. Komin drög að vinnuviku. Hátíðarútlit. Komin drög að skólasöng. Ágúst benti á að gott væri að fá tónlistarskólann til að vera með. Hólmfríður ræddi um að yngsta stig væri ekki sátt við að þurfa alltaf að fara niður að borða meðan skemmtiatriði eru Glerárvision. Því verður breytt þetta árið.
4. Hörgárbraut. Gangbraut.
Ágúst hafði bent á að það þyrfti að ræða þessi mál, þar sem börn frá Glerárskóla búa báðum megin götunnar. Hverfisnefnd hefur rætt málin. Annað hvort þarf að setja þarna gangbraut eða undirgöng. Það þurfa helst að koma athugasemdir frá skólanum, hverfisnefnd, jafnvel tryggingarfélagum og foreldrafélag skólans þarf að koma að málinu. Vantar málaðar/merktar gangbrautir víða í hverfinu. Eyrún setur saman uppkast og sendir á hverfisnefnd.
5. Önnur mál
Helgi spurði hvort ekki væri til eitthvað af myndum sem hægt væri að sýna í hátíðarvikunni. Það mál hefur verið rætt og væntanlega munum við taka saman myndavegg og láta einhver myndbönd ganga.

Fundi slitið.

Helga H.